

með greiðslu allrar skuldarinnar, þannig að hreppsnefndir beggja hinna umræddu hreppa verða að svara ein fyrir báðar og báðar fyrir eina til hennar að fullu.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða gestaréttardóm í öllum greinum, einnig málskostnaðar-ákvæði hans. Svo ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 30 krónur.

Það vottast að málsfærsla hins skipaða málsfærslumanns áfrýjanda hefir verið lögmæt og ber honum í málaflutningslaun fyrir undir og yfirrétti 40 kr., sem greiðist af almannafé.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði gestaréttardómur skal vera óraskaður. Áfrýjandinn, hreppsnefnd Gerðahrepps, greiði stefnda, lækni Þórði J. Thoroddsen 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Hinum skipaða málaflutningsmanni áfrýjanda Oddi Gíslasyni greiðist málaflutningskaup fyrir undir og yfirdómi 40 kr. úr landssjóði.

Nr. 60/1911:

Páll Einarsson
 gegn
 Lárusi H. Bjarnason.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði Páll Einarsson borgarstjóri fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Lárusi H. Bjarnason prófes-

sor út af ummælum á bæjarstjórnarfundi 1. júlí f. á., er áfryjandi taldi meiðandi fyrir sig; stefndi hann vitnum til að bera um það, að stefndi hefði viðhaft þessi ummæli, en með úrskurði nefnds réttar uppkveðnum 31. ág. f. á. var synjað um framgang vitnamálsins, og með dómi réttarins 19. okt. f. á. var stefndi sýknaður í málinu, en málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum og úrskurði hefir áfryjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 15. des. f. á. og krafist þess, að dómurinn og úrskurðurinn verði feldir úr gildi og málinu vísað heim til löglegri meðferðar, þannig að honum verði leyft að leiða vitni, en til vara að dómnum verði hrundið, öll hin átöldu ummæli dæmd dauð og ómerk og stefndi sektaður fyrir þau, og að hann, hvernig sem málinu lykurl, verði dæmdur til að greiða málskostnað.

Stefndi krefst aftur á móti, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur og áfryjandi dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati dómsins.

Ummælin, sem átalín eru og stefndi á að hafa haft um og við áfryjanda eru þessi: »Altsvo máttu halda áfram að ljúga í blöðin«, »það er vitavert að ljúga«, og að hann (stefndi) hafi oft heyrt áfryjanda segja ósatt. Þessi orð eiga, eins og þegar er sagt, að hafa verið töluð, sum á bæjarstjórnarfundinum sjálfum og sum í fundarsalnum meðan hlé varð á fundinum. Áfryjandi leit svo á, að hið opinbera ætti sókn á þessu máli samkvæmt 102 gr. hegningarláganna, ritaði því bæjarfógetanum í Reykjavík 7. júlí og krafðist þess, að rannsókn væri hafin og stefndi látinn sæta ábyrgð samkvæmt nefndri laga-grein, og 10. s. m. sendi hann bæjarfógeta samskonar

kæru út af nokkrum hinna átöldu ummæla, er stefndi samkvæmt fundarskýrslu í blaðinu Ísafold átti að hafa viðhaft um áfryjanda á sama bæjarstjórnarfundi. Bæjarfógetinn leitaði úrskurðar stjórnarráðsins um kærur þessar, og tilkynti áfryjanda í bréfi 14. s. m., að stjórnarráðinu þætti ekki ástæða til að láta taka málið upp af hálfu valdstjórnarinnar. Daginn eftir, 15. júlí, kærði áfryjandi málið fyrir sáttanefnd, og var því stefnt til sátta og sátta-tilraun gjörð 25. s. m.

Þann 27. s. m. var réttarstefna gefin út, og réttardagur ákveðinn 17. ágúst, og skyldi þá fara fram vitnaleiðsla um hin átöldu orð. En í því réttarhaldi mót-mælti stefndi vitnaleiðslunni, með því að hún væri orðin um seinan samkvæmt N. L. 1—13—22, og þessi mót-mæli tók dómurinn til greina með hinum áfryjanda úrskurði.

Með því að áfryjandi þóttist hafa fullnægjandi sannanir fyrir því, að stefndi hefði viðhaft hin umstefndu orð um áfryjanda, meðan hann var að embættisverki eða út af því, verður það eigi talið ástæðulaust, að hann gerði ráð fyrir, að valdstjórnin mundi láta málið til sín taka, og beindi því þá leið, áður en hunn tók það upp sem einkamál, og með því að dráttur á málshöfðuninni frá 1.—15. júlí, er af þessu leiddi, þykir eigi hafa verið óþarfur eða óhæfilega langur, verður eigi heldur álitid, að þessi dráttur eigi að vera þess valdandi, að áfryjandi hafi samkvæmt N. L. 1—13—22 glatað rétti sínum til að afla sér þingsvitnis um orð stefnda. Og eigi verður eftir atvikum álitid, að áfryjandi hafi fyrir-gjört þessum rétti, þó að sáttanefnd tæki málið fyrir eigi fyrr en 25. júlí. Aftur á móti sést eigi, að fullnægjandi

ástæða hafi verið til þess að ákveða svo langan stefnufrest, 3 vikur, eins og gjört var. Þessu til réttlætningar er að vísu fram komin sú skýrsla, að héraðsdómarinn hafi komið sér saman við málaflutningsmenn í Reykjavík, um að eigi yrði tekin fyrir mál á bæjarþinginu frá miðjum júlímán. til miðs ágústmán., að dómarinn hafi skýrt áfrýjanda frá þessu samkomulagi, mælt til að áfrýjandi leyfði, að málið yrði eigi tekið fyrir á bæjarþingi fyrir en eftir miðjan ágúst og getið þess um leið, að hann byggist eigi við, að þetta kæmi að sök, og að áfrýjandi hafi látið sér þetta nægja, og samþykkt að stefnudagur væri ákveðinn 17. ágúst. En þessi frestun var eigi gerð með samþykki stefnda, og gat eigi svipt hann neinum rétti, þar sem eigi var um lögboðið þinghlé að ræða. Dráttur sá, er fyrir þessa sök varð á vitnaleiðslunni, er því eigi nægilega réttlættur, og verður þá eigi álitnið, að heimild áfrýjanda til að leiða vitni um áminnst ummæli stefnda, hafi getað varðveizt gegn mótmælum stefnda. Það verður því að telja rétt, að héraðsdómarinn tók þessi mótmæli til greina, og ber að staðfesta hinn áfrýjanda úrskurð.

Eftir að úrskurður þessi var genginn á bæjarþinginu, var því haldið fram af hálfu áfrýjanda, að stefndi hefði viðurkennt, eða eigi mótmælt því nægilega, að hann hefði talað hin umstefndu orð. Í fyrsta réttarhaldi málsins, var skorað á málfærslumann stefnda að lýsa yfir því, hvort ummælin væru rétt hermd eftir stefnda, og málfærslumaðurinn, sem er bæjarfulltrúi og var á bæjarstjórnarfundinum 1. júlí, svaraði þeirri áskorun svo, að hann hefði aldrei heyrt stefnda viðhafa þau orð, er stefnt er fyrir, og hann gæti því eigi farið að viðurkenna fyrir réttinum, að þau hafi verið sögð. Þó að þessi yfirlýsing

Út af fyrir sig verði eigi talin fullnægjandi neitun þess, er um var spurt, virðist áfryjandi þó hafa lagt þann skilning í hana, þar sem hann þó taldi nauðsynlegt að fá ummælin sönnuð með þingsvitni, og þegar áfryjandi síðar í málinu hreifði þessu atriði, neitaði stefndi því eindregið, að hann hefði viðhaft ummælin; verður þessi skýring á hinni fyrri yfirlýsingu eftir þessum málavöxtum eigi talin of seint framkomin.

Að öðru leyti hefir áfryjandi eigi sannað á stefnda þin umstefndu orð. Vottorð 3 manna, sem áfryjandi hefir lagt fram í þessu skyni, er eigi staðfest fyrir rétti, og koma því eigi til álita gegn mótmælum stefnda.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna stefnda af kröfum áfryjanda, og með því að málskostnaðarákvæði bæjarþingsdómsins einnig samþykkist, ber að staðfesta hann í öllum greinum.

Málskostnað fyrir yfirdómi þykir áfryjandi eftir þessum úrslitum eigi að greiða stefnda, og ákveðst hann 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Áfryjandi Páll Einarsson borgarstjóri greiði stefnda Lárusi H. Bjarnason prófessor 20 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.